

Aðalafundur

Félags landnema á Fellsmörk var haldinn í húsi Skógræktarfélags Reykjavíkur að Elliðavatni hinn 27. maí 2009. Tuttugu og þrír félagsmenn mættu á fundinum. sem hófst kl. 20:05.

Þetta gerðist á fundinum:

I. Formaður, Hannes Siggason setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hann lagði til að Tryggva Þórðarsyni yrði falin fundarstjórn og var það samþykkt samhljóða.

II. Tryggvi Þórðarson tók við fundarstjórn og kannaði fyrst lögmæti fundarins samkvæmt lögum félagsins. Úrskurðaði hann fundinn lögmætan og hreyfði enginn andmælum við því. Hann lagði því næst til að Björgvin Salómonssyni yrði falið að rita fundargerð og var það samþykkt samhljóða. Því næst var gengið til dagskrár samkvæmt fundarboði (Sjá fylgiskjal 1 með fundargerð).

1. Guðrún Ólafsdóttir las fundargerð síðasta aðalfundar. Fundargerðin var samþykkt án athugasemda.

2. Skýrsla stjórnar. Hannes Siggason, formaður félagsins flutti skýrslu sína og gerði grein fyrir störfum stjórnar síðast liðið ár. Stjórnarfundir voru sjö og einn fræðslufundur var haldinn á árinu. Helstu verkefni stjórnar sneru níu þætti: Vinnu að nýjum leigusamningum milli landnema og Skógræktarfélags Reykjavíkur, gerð varanlegra varnargarða og vega á svæðinu, viðhald girðinga, sorphirða á svæðinu, könnun á að fá rafmagn á svæðið, uppfærsla á félagatali, landgræðsluskógaverkefnið, fræðslumál og aðild félagsins að stjórn Skógræktarfélags Reykjavíkur. Fram kom að setin lönd á Fellsmörk eru 37, en 28 lönd eru ósetin. Virkir landnemar eru 59; byggð hafa verið 16 sumarhús og vinnuskúrar eru 3. Þá minnti formaður á vefsíðu Fellsmörkur og að á þessu ári eru liðin 20 ár frá því að fyrstu landnrmarnir hófu landnám á Fellsmörk. Að lokum þakkaði formaður samstarfsmönnum í stjórn, sem og stjórnendum og starfsfólki Skógræktarfélags Reykjavíkur fyriránægjulegt samstarf. Hann þakkaði Magnúsi Jóhannessyni sérstaklega fyrir

starf hans í leigusamninganefnd félagsins. (Sjá skýrslu formanns í heild: Fylgiskjal 2).

Fundarstjóri gaf orðið laust um skýrslu formanns. Fyrirspurn kom varðandi úthlutun nýrra lóða. – Formaður upplýsti að landbúnaðarráðuneytið hefði lokað á frekari úthlutun landa og hefðu engar skýringar fengist á þeirri ákvörðun. Einnig var spurt um stórfellda hækkun leigugjalda á þessu ári. – Fram kom að hækkunin væri í samræmi við ákvæði leigusamninga (hækkun samkvæmt vísitölu). – Skýrsla stjórnar var síðan samþykkt samhljóða.

3. Reikningar síðasta starfsárs: Í fjarveru gjaldkera, Kjartans Kárasaonar, gerði Magnús Jóhannesson grein fyrir reikningum ársins. Tekjur ársins voru kr. 58.942 og gjöld kr. 58.612. Mismunur (hagnaður) kr. 330.

– Skuldlaus eign er kr. 165.245. – Reikningarnir voru lagðir fram undirritaðir af gjaldkera og skoðunarmönnum. (Sjá fylgiskjal 3 með fundargerð). Magnús gat þess að búast mætti við auknum útgjöldum á næsta ári, m.a. vegna fræðslufundar og lögfræðiráðgjafar.

Fundarstjóri gaf orðið frjálst um reikninga félagsins en enginn kvaddi sér hljóðs og voru þeir samþykktir samhljóða.

4. Kosning stjórnar. Hannes Siggason var endurkjörinn formaður með lófataki. Aðrir stjórnarmenn voru einnig endurkosnir samhljóða fyrir utan fulltrúa Gilbrautar sem ekki gaf kost á sér til endurkjörs. Í hans stað var kjörinn Sveinn Baldursson.

Skoðunarmenn reikninga voru einnig endurkjörnir einróma.

5. Ákvörðun félagsgjalda. Stjórn félagsins lagði til að árgjald yrði hækkað í kr. 2.000. Tillagan var samþykkt samhljóða.

6. Skýrsla gróðursetningarnefndar. Hannes Siggason flutti skýrslu nefndarinnar en hún er auk hans skipuð Hjalta Elíassyni, Júlíu Andersen og Tryggva Felixsyni. Gróðursett var sameiginlega í austurhlíðar Fellsfjalls, samtals 2.680 plöntur, en í einstök lönd gróðursettu landnemar 8.650 plöntur eða samtals 11.330 plöntur.

Fyrir hönd nefndarinnar flutti Hannes samstarfsaðilum; þ.e. Skógræktarfélagi Íslands, Skógræktarfélagi Reykjavíkur, Rannsóknarstöð Skógræktar ríkisins að Mógilsá, Landgræðslu ríkisins og Vesturlandsskógum, sem og landnemunum, þakkir fyrir ánægjulegt samstarf. – Að lokum gerði Hannes grein fyrir plöntun við landgræðsluskóga á Fellsmörk frá árinu 2002 til þessa og sýndi fróðlegar myndir því til skýringar. (Sjá skýrslu gróðursetningarnefndar og skýringarmyndir; fylgiskjal 3). – Gróðursetningardagur landnema 2009 verður 20. júní.

7. Önnur mál. Magnús Jóhannesson kvaddi sér hljóðs og vék að hækkun árgjalds samkvæmt vísitöluákvæðum í upprunalegum samningum (Hækkun samkv. byggingavísitölu). Taldi hann ástæðu til að stjórnin tæki það mál upp við Skógræktarfélag Reykjavíkur. Einnig tóku til máls Valdimar Reynisson, Sveinn Einarsson og Sigurlaug Guðmundsdóttir. Lögðu þau áherslu á að árgjöldunum væri varið til verkefna á svæðinu, svo sem vegagerðar, girðinga o.fl.

Hjalti Elíasson ræddi um samskiptin við stjórn Skógræktarfélags Reykjavíkur. Hann taldi að SR hefði bókfært allt að 500.000 kr. ágóða af árgjöldum landnema s.l. ár. Hann lagði áherslu á að landnemar ættu kröfu á því að árgjöldunum væri varið til vinnu á svæðinu. – Hjalti lagði fram eftirfarandi ályktunartillögu:

Aðalfundur Félags Landnema á Fellsmörk, haldinn að Elliðavatni 27. apríl 2009, hvetur stjórn Skógræktarfélags Reykjavíkur til að koma landnemasamningum við félagsmenn í viðunandi horf, þannig að allir landnemar hafi leigusamning og leigusamningar séu samræmdir.

Tillagan var samþykkt með lófataki án frekari umræðna.

Þá lagði Hjalti fram eftirfarandi tillögu:

Aðalfundur Félags landnema á Fellsmörk, haldinn að Elliðavatni 27. apríl 2009, beinir þeirri áskorun til stjórnar Skógræktarfélags Reykjavíkur að farið verði í endurskoðun á leigugjöldum landnema. Vísast þar til ástands í landsmálum og almennt lækkandi leiguverðs.

Tillagan var samþykkt með lófataki án frekari umræðna.

Sveinn Einarsson kvaddi sér hljóðs ogþakkaði stórn félagsins fyrir vel unnin störf í þágu félagsmanna á liðnu starfsári. Tóku fundarmenn undir það með lófataki.

Fleiri kvöddu sér ekki hljóðs og gaf fundarstjóri formanni orðið. Hann þakkaði fundarmönnum komuna og það traust sem sér hefði verið sýnt.

Fundarstjóri sleit því næst fundi en stjórn félagsins bauð fundarmönnum upp á veitingar að loknum fundi.

.....
(Björgvin Salómonsson)